

Nd.

398. Breytingartillögur

[23. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni og Stefáni Valgeirssyni.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný grein (verður 1. gr.), er orðist svo:
Aftan við fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:
Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum tilraunaverkefnum um fyrirgreiðslu.
2. 1. gr. (verður 2. gr.) orðist svo:
Aftan við 4. gr. laganna bætist:
Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni.
Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 20 milljónum króna á ári.
Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.